

2. Fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða haldinn í Félagsheimilinu Bolungarvík laugardaginn 7. október 2023 kl 14.00. Mætt voru Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Guðlaugur Jónsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Árný Haraldsdóttir, Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson og Matthías Lýðsson.

Auk þeirra sátu fundinn starfsmenn Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði fundargerð og Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfis og loftlagsmála.

Boðuð dagskrá.

1. Tímalína skipulagsvinnu
2. Útboð á aðkeyptri ráðgjöf vegna skipulagsvinnu
3. Kosning formanns og varaformanns
4. Önnur mál

Aðalsteinn setti fundinn og gerði grein fyrir fundarboði og kannaði hvort athugasemd væri við boðun fundarins og dagskrá hans. Engar athugasemdir komu fram.

Gengið til dagskrár.

1. Tímalína skipulagsvinnu
Aðalsteinn lagði fram til afgreiðslu nefndarinnar, drög að tímalínu um framkvæmd verkefnisins. Vísast til gagna fundarins.

Tillaga að áætluninni byggir á umræðu nefndarinnar um að markmið væri sett á færri þemu og verulegu gagnamagni þegar lægi fyrir. Áætlaður vinnslutími er því styttri en almennt gerist eða til mars 2026. Til máls tóku Lilja, Kristján, Bragi, Eva, Matthías og Sigríður.

Tillaga um að samþykkja tímalínu skipulagsvinnu borin upp. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fjallað um samþættingu áætlana loftlagsáætlun og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og nýja Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.

Til máls tóku Lilja, Baldur, Eva, Matthías, Bragi, Hjörleifur

Tillaga um að borinn upp; að beina til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að stuðla að samstarfi, samþættingu á vinnu framangreindar áætlana við svæðisskipulagsvinnu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Útboð á aðkeyptri ráðgjöf vegna skipulagsvinnu

Aðalsteinn kynnti efni fundar með Ríkiskaup þann 20. september s.l., á grundvelli samþykktar fundar svæðisskipulagsnefndar þann 13. september s.l. um kannað yrði með ráðgjöf frá Ríkiskaup við verðkönnun eða útboð á skipulagsvinnu. Aðalsteinn kynnti minnisblað sem lagt var fram á fundinum með Ríkiskaupum um ramma verkefnisins. Fram kom á fundinum að Ríkiskaup telur umfang verkefnisins verði umfram lágmarksviðmið útboðsskyldu og útboð sé því eindregið og þá einnig á Evrópska efnahagssvæðinu, áætlað er að vinna til útboð taki allt að 3 mánuði. Verkeiðni um ráðgjöf við gerð útboðs var síðan send Ríkiskaupum þann 26. september s.l.

2. Kosning formanns og varaformanns

Til máls tók Kristján.

Lagði hann fram tillögu að Lilja Magnúsdóttir skipi sæti formanns og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, skipi sæti varaformanns.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Lilja þakkaði traust nefndarinnar og tók við stjórn fundarins.

3. Önnur mál

A. Sameiginlegt svæði.

Formaður gerði að tillögu að setja upp sameiginlegt svæði fyrir nefndina og setja þar inn gögn sem eru til og varða efni vinnu nefndarinnar. Formaður nefndi dæmi um gögn Strandsvæðaskipulag Vestfjarða, aðalskipulag sveitarfélaga, svæðisskipulag Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar.

Tillaga formanns borinn upp og samþykkt samhljóða

B. Starfsreglur skipulagsnefndar.

Aðalsteinn kynnti að undirbúa þurfi starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd sem sveitarstjórnir er standa að svæðisskipulaginu staðfesta og að því loknu eru þær lagðar fram í B hluta Stjórnartíðinda.

Formaður gerði að tillögu að ljúka við gerð starfsreglna. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.52